



strætó.is

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 196. fundur

Mánudaginn 2. júní 2014 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd, Þönglabakka 4, Reykjavík og hófst hann kl. 8:00.

### Mættir voru:

Einar Örn Benediktsson, Sturla Þorsteinsson, Bryndís Haraldsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir.  
Fjarverandi: Fulltrúi Kópavogs Gunnar I Birgisson og fulltrúi Hafnarfjarðar Gunnar Axel Axelsson.

Fundinn sátu einnig Reynir Jónsson framkvæmdastjóri og Einar Kristjánsson sviðsstjóri skipulags- og þróunarsviðs.

Fundarritari var Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri.

### Tekið fyrir:

#### 1. Endurskoðun á uppbyggingu gjaldskrár

Á fundi stjórnar 2. maí sl. voru ræddar hugmyndir um nýja uppbyggingu á gjaldskrá Strætó sem felur í sér talsverða einföldum. Í framhaldi af þeirri umræðu var óskað eftir því að lagt yrði mati á áhrif breytinganna á fargjaldatekjur. Farið var yfir matið á fundinum. Engin gögn lögð fram.

#### 2. Þjónustubreytingar í leiðakerfi strætisvagna

Umræða um aukna þjónustu strætisvagna á sunnudögum og aðra helgidaga (rauða daga) og aukna þjónustu/flutningsgetu á álagstímum til að mæta fyrirsjáanlegri aukningu í farþegafjölda til næstu ára. Eftirfarandi gögn voru lögð fram; minnisblað um sunnudags- og helgidagaakstur, minnisblað um aukna þjónustu á álagstíma og kynning „Hvernig tvöföldum við farþegafjöldann fram til 2022“.

#### 3. Annað

- Greinagerð frá Curron dagsett 26. maí 2014 um rafrænar farmiðalausnir sem gerð var að beiðni stjórnarmanns lögð fram, stjórn vísar málinu til framkvæmdastjóra.
- Fyrirspurn frá Öryrkjabandalaginu, vegna fyrirhugaðra breytinga á Ferðapjónustu fyrir fatlað fólk, framkvæmdastjóra falið að svara fyrirspurninni.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Næsti fundur stjórnar, tímasetning óákveðið.

Fundi slitið 09:40

Einar Örn Benediktsson

Sturla Þorsteinsson

Bryndís Haraldsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir